



Stjórnarráð Íslands.
Innviðaráðuneytið.
Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála.

16. mars 2026.

Efni: Umsögn um Grænbók um byggðamál, mál S-22/2026

Vísað er til fyrirbyggjandi grænbókar um byggðamál sem er umræðuskjal fyrir opið samráð þar sem haghöfum er boðið að leggja fram sín sjónarmið um framtíðarsýn, lykilviðfangsefni, áherslur og leiðir sem nýst gætu í stefnumótuninni.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) fagna útgáfu grænbókarinnar og þeim greiningum sem hún felur í sér. Við vinnslu fyrri grænbóka um byggðaaætlun hefur það verið skoðun SSH að höfuðborgarsvæðið og hlutverk þess mætti koma sterkar inn í áætlunina. Vitnað hefur verið m.a. til starfa annarra landa hvað þetta varðar og OECD sem hefur ályktað um búsetugæði hvort sem er í borgum, bæjum eða dreifibýli og að svæðin hvert um sig nái að nýta tækifæri sín og stuðli þannig að sem öflugustum samfélögum. Þá hafa t.d. Finnland og Skotlandi haft það markmið að styrkja samspil borga við aðbyggjandi dreifbýlissvæði ásamt rekstri á sérstakri borgarstefnu. Á Alþingi hefur nú verið samþykkt þingsályktun um borgarstefnu fyrir höfuðborgina Reykjavík og svæðisborgina Akureyri. Ekki má sjá mikil merki þessarar stefnumótunar í umfjöllun í grænbókinni og um tengsl hennar við byggðaaætlunina. Mikilvægt er að úr því veði bætt.

Framtíð byggðamála er mikilvæg á Íslandi. Efla þarf samkeppnishæfni landsins og þrátt fyrir mikil gæði lands og þjóðar er og verður samkeppni um fólk og fyrirtæki. Tryggja þarf öfluga landsbyggð og öflugt höfuðborgarsvæði og horfa þarf á landið sem heild þegar kemur að byggðaaætlun.

Að mati SSH á byggðaaætlun framtíðarinnar að horfa til þess að styrkja veik svæði um allt land og áfram þarf að vinna að sértækum áætlunum í málefnum þeirra. Sameiginlegir sjóðir verða að vernda þær byggðir sem mest berjast í bökkum við að halda byggð. Um þetta eru sennilega langflestir sammála

Það breytir því þó ekki að horfa þarf til landsins alls þegar rætt er um byggðaaætlun. Höfuðborgarsvæðið á að vera mikilvægur hluti af byggðaaætlun, vegna þess að byggðaaætlun á að snúast um þróun byggða og samfélag á öllu landinu. Í raun er ekkert höfuðborgarsvæði án landsbyggðanna og heldur engar landsbyggðir án öflugs höfuðborgarsvæðis með skilgreint hlutverk. Þess vegna eiga stjórnvöld að horfa á landið í heild – hvernig við getum eftt það og styrkt ekki síst út frá samkeppnishæfni þess.



Í fyrrgreindu samhengi á höfuðborgarsvæðið ekki að vera eftirbátur annarra svæða er varðar athygli og fjármagn frá ríkinu þegar kemur að byggðaaætlun. Vert er að halda því til haga að fjárframlög m.a til sóknaráætlana landshluta hafa þróast í jákvæða átt fyrir höfuðborgarsvæðið og því ber að fagna.

Þess ber að geta að þeir fjármunir sem SSH hafa fengið til sóknaráætlunar og sóknaráætlunarverkefna hafa nýst vel. Nefna ber þar verkefni eins og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem er nú m.a. grundvöllur þess að Samgöngusáttmálinn varð að veruleika og tlheyrandi efling almenningssamgangna. Önnur mikilvæg verkefni má nefna, s.s. undirbúning samgönguverkefna, húsnaðismál, úrgangsmál, loftslagsstefnu, markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, velferðar- og skólamál, upplýsingatækni o.fl. Þau verkefni sem eru í gangi á hverjum tíma eru mjög mikilvæg þar sem þau leiða sveitarfélögin saman í þeim mikilvægu verkefnum sem snúa að sameiginlegu atvinnu- og þjónustusvæði.

En hvað er hægt að gera til þess efla byggðaaætlunina og þátt höfuðborgarsvæðisins í henni? Hægt væri að vinna sameiginlega stefnumótun um byggðaaætlun fyrir allt landið og horfa á það sem heild, höfuðborgarsvæðið þar með talið. Hægt er að horfa til þingsályktunar um höfuðborgarstefnu og skilgreina hlutverk höfuðborgarsvæðisins þegar kemur að byggðaaætlun.

Það er mat SSH að mikilvægt sé að byggðaaætlunin sé unnin með ofangreint að leiðarljósi og forðast að í tilfelli byggðaaætlunarinnar sé landið brotið upp þannig að heildin kunni að verða veikari fyrir vikið.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH